

# FÖSTUDAGSMOLINN

Í ÁRSHÁTÍÐARSTUÐI



## FRAMUNDAN



Nemendur í 4. bekk að teikna sjálfsmyndir blindandi í sköpun.

Mánudagur 6. nóvember

Matseðill: KFC fiskur (þorskur), bátakartöflur, salat og grænmeti.

- Kóræfing í hádeginu.

Þriðjudagur 7. nóvember

Matseðill: Lambakjöt, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa og grænmeti.

Miðvikudagur 8. nóvember - **BARÁTTUDAGUR GEGN EINELTI**

Matseðill: Steiktur fiskur (þorskur), kartöflur, steikt grænmeti, laukfeiti, salat og grænmeti.

- **ALLIR HVATTIR TIL AÐ MÆTA Í GRÆNUM FÖTUM!**



Starfsfólk skemmtu sér konunglega í vetrarfríinu á námskeiði í jákvæðum aga í Riga.

Fimmtudagur 9. nóvember

Matseðill: Pizza og franskar.

- Heimanám kl 14:20 - 15:00

Föstudagur 10. nóvember - Árshátíðardagur

Matseðill: Lasagna (nautakjöt), grænmetislasagna, salat og grænmeti.

- Nemendur mæta í skólann kl 9:30
- Generalprufa í félagsheimili kl 10:00
- Skólabílar keyra heim kl 12:20.
- Árshátíð í Félagsheimilinu á Hvammstanga kl 18:15. Nemendur mæta kl 17:45

Við minnum foreldra á mikilvægi þess að tilkynna forföll til ritara eða umsjónarkennara.



## LESTRARÁTAK Í 2. BEKK

Voru þið búin að átta ykkur á því að við elskum lestur? Ekki nóg með það, þá elskum við líka fjölbreytt og spennandi lestrarátök. Sætir bangsar og lestur getur ekki klikkað - Áfram 2. bekkur.

## Hrekkjavaka

Kæru Hvammstangabúar,  
gleðilega hrekkjavöku.

Eins og síðastliðin ár verður hrekkjavökupartý haldið í Óríon, laugardaginn 4. nóv kl 16:00-18:00.


Í boði verður hlaðborð, kvikmynd og að sjálfsögðu hin stórkostlega búningakeppni. Kl 18:00-20:00 geta börnin gengið í hús. Við viljum minna sérstaklega á endurskiptamerki og einnig eru vasaljós mjög sniðug þar sem það er farið að vera mjög dimmt á þessum árstíma.

Við hvetjum alla til að vera allavega í tveggja manna hópum þegar farið er að sníkja, bæði uppá öryggið og félagsskapinn. Þeir sem eru tilbúnir að fá börnin til sín eru beðnir um að setja út einhvert ljós og/eða skreyta svo að börnin viti að þau eru velkomin. Við hvetjum alla sem eiga börn sem að ætla að mæta í partýi að koma með einhverjar hrekkjavökulegar veitingar á hlaðborðið svo að það verði nóg fyrir alla. Hlökkum til að sjá ykkur,

Ísey Lilja, Bríet Anja,  
Valdís Freyja, Fríða Marina og Rakel Alva.



Við þökkum kærlega styrktaraðilum: KVH - Húnaþing vestra - North West - Sjárvarborg



## Eineltishringurinn

Viðbragðsmynstur í eineltisaðstæðum



8. nóvember er Baráttudagur gegn einelti og ætlum við í tilefni hans að klæðast grænum fatnaði sem tákn um hvar við viljum vera staðsett í eineltishringum.



Þegar árshátíðarvikan er gengin í garð er mikil röskun á venjulegu starfi sem getur verið erfitt og kvíðavaldandi fyrir suma. Við viljum hvetja nemendur og foreldra að hafa samband við okkur ef uppbrotið er nemendum erfitt. Við viljum styðja við nemendur svo þeim líði vel í þessari annars skemmtilegu viku.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG Á

# ÁRSHÁTÍÐ

GRUNNSKÓLA  
HÚNAÞINGS VESTRA

**ÁRSHÁTÍÐ GRUNNSKÓLA HÚNAÞINGS VESTRA**  
VERÐUR HALDIN FÖSTUDAGINN 10. NÓVEMBER 2023  
Í FÉLAGSHEIMILINU HVAMMSTANGA.

NEMENDUR MÆTI KL. 17:45

ÁRSHÁTÍÐIN HEFST KL. 18:15

MEÐ SKEMMTIATRÍÐUM Í FÉLAGSHEIMILINU HVAMMSTANGA.  
DANSLEIKUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA HEFST AÐ ÁRSHÁTÍÐ LOKINNI.  
SJOPPA Á VEGUM 10. BEKKJAR VERÐUR OPNUÐ KL. 17:45 OG ER OPIN ÞAR TIL  
SÝNING HEFST OG OPNAR SVO AFTUR AÐ SÝNINGU LOKINNI.

MÍÐAVERÐ Á ÁRSHÁTÍÐINA ER 2000 KR.  
FRÍTT FYRIR NEMENDUR OG BÖRN UNDIR GRUNNSKÓLAALDRI.

GENERALPRUFA VERÐUR KL. 10:00 Á FÖSTUDAG OG ÞAR SJÁ NEMENDUR ÖLL ATRÍÐI.  
AÐGANGSEYRIR Á GENERALPRUFU FYRIR AÐRA EN NEMENDUR ER 1.000 KR, MIÐAR  
SELDIR VIÐ INNGANG.

ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ GREIÐA MEÐ KORTUM. HÆGT ER AÐ LEGGJA INN Á  
REIKNING NEMENDAFÉLAGSINS (0159-05-60055 / KT. 540611-0680) OG FRAMVÍSA  
KVITTUN VIÐ INNGANG EÐA GREIÐA MEÐ REIÐUFÉ VIÐ INNGANG.

**MIÐAR SELDIR VIÐ INNGANG - ENGINN POSI**

**ÁRSHÁTÍÐARKVEÐJA FRÁ NEMENDUM OG STARFSFÓLKI**  
**GRUNNSKÓLA HÚNAÞINGS VESTRA.**